

Verkefni: Stjórnarfundur Gígjunnar
Dagsetning fundar: 24. ágúst 2008
Tímasetning fundar: kl. 10.00 – 12.45
Fundarstaður: Espigerði, Reykjavík (heima hjá Þorgerði)

Stjórnarmenn / fundarmenn:

Sigrún Óskarsdóttir (SÓ)	Formaður	Mætt
Dagbjört Sigurbergisdóttir (DS)	Varaformaður	Mætt
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
Puríður Pétursdóttir (PP)	Gjaldkeri	Mætt
Þorgerður Valdimarsdóttir (ÞV)	Meðstjórnandi	Mætt
Margrét Bóasdóttir (MB)	Verndari	Fjarverandi

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:**1. Jólalagið, Ég heyrði þau nálgast**

13. maí 2008 barst stjórn Gígjunnar bréf frá Jóni Ásgeirssyni sem innihélt Jólalag Gígjunnar 2008. Á fundinum skoðaði stjórnin lagið og fagnaði góðri hugmynd sem nú er orðin að veruleika. Lagið heitir *Ég heyrði þau nálgast* og er samið við ljóð Snorra Hartarsonar. Jón sendi einnig nótur að öðru jólalagi *Jólanótt* sem samið er við texta Þorsteins Valdimarssonar.

Hér er dregið niður í bréf frá Jóni sem fylgdi tónverkunum:

„...samkvæmt umtali sendi ég þér jólalagið, Ég heyrði þau nálgast, sem er sérstaklega samið fyrir Gígjuna og ætlað til einkanota í tvö ár. Kvæðið er eftir Snorra Hartarson en auk þessa sendi ég, einnig nýsamið jólalag, við kvæði eftir Þorstein Valdimarsson...

Með þökk fyrir viðskiptin og ég vona að ykkur falli vel við söngverkin.

Bestu kveðjur, Jón Ásgeirsson

Ps. Auk 2 ára einkaréttar til flutnings á laginu „Ég heyrði þau nálgast“, fylgir réttur til fjölföldunar lagsins fyrir félagi Gígjunnar...”

Jóni Ásgeirssyni hefur þegar verið greitt fyrir vinnuna. Ákveðið var að skrifa aðildarkórnum bréf og senda þeim nóturnar (1 eintak á kór) í lok ágúst. Þeir aðildarkórar Gígjunnar sem greitt hafa félagsgjald munu fá þessar nótur sendar. HG mun sjáum um að láta fjölfalda nóturnar, skrifa bréfið og koma því í póst. Þessu málefni verður síðar fylgt eftir með frétt á vefsetrinu og tölvupósti á póstlista Gígjunnar síðar í haust. Málið er í vinnslu.

2. Styrktarsjóðurinn

Fundarmenn ræddu um “styrktarsjóðinn” þ.e. þá peninga sem Gígjunni mun berast frá SFH árlega. Í dag liggja ekki fyrir upplýsingar um það hver upphæðin mun vera á hverju ári, þar sem SFH er að breyta sínum úthlutunarreglum. Í dag á Gígjan 420.000.- krónur sem stofnfé í þennan sjóð. Ýmsar hugmyndir voru ræddar og fundarmenn sammála um yfirmarkmið sjóðsins. PP tók að sér að gera drög að starfsreglum fyrir sjóðinn. Haldið verður áfram að vinna þetta mál á næsta stjórnarfundum.

3. Menntamálaráðuneytið hafnar styrkbeiðni Gígjunnar

Stjórn Gígjunnar sendi Tónlistarsjóð Menntamálaráðuneytisins umsókn um styrk 9. júní 2008. Óskað var eftir 150.000.- krónum fyrir verkefnið Jólalag Gígjunnar 2008. Sambandinu barst bréf frá ráðuneytinu dagsett 4. júlí 2008. Bréfið inniheldur eftirfarandi svar:

“Ísland er til umsóknar yðar í tónlistarsjóð dags. 9. júní sl. þar sem sótt er um styrk vegna verkefnisins “Jólalag Gígjunnar”. Á grundvelli tillagna tónlistarráðs getur menntamálaráðuneytið ekki orðið við umleitan yðar.”

4. Næsti aðalfundur Gígjunnar verður haldinn 18. október 2008

4.1 Ákveða skipulag næsta aðalfundar

Í 5. grein laga Gígjunnar segir: "Aðalfundur skal haldinn ár hvert að hausti fyrir 1. nóvember". Ákveðið hefur verið að hafa næsta aðalfund Gígjunnar laugardaginn 18. október kl. 17:00. Farið var yfir þau atriði sem þarf að undirbúa fyrir fundinn og fundarmenn skiptu á milli sín verkefnum sem eiga að vera frágengin fyrir næsta stjórnarfund.

4.2 Hækkun félagsgjalda

Mikil umræða fór fram um félagsgjöldin. SÓ var búin að gera drög að ýmsum hugmyndum og reikna út kostnað kóra út frá nokkrum forsendum. Málin rædd og fundarmenn komust að sameiginlegri niðurstöðu. Stjórnin mun leggja fram tillögu á næsta aðalfundi þess efnis að breyta félagsgjöldum sambandsins. Ákveðið var að leggja það til að gjald fyrir hverja starfandi konur í hverjum kór verði áfram kr. 200 fyrir starfsárið og að bætt verði við sérstöku korgjaldi kr. 3000.- sem hver kór greiðir einu sinni á ári. Þessi tillaga verður send út með fundarboði aðalfundar og tekin til umfjöllunar og atkvæðagreiðslu á næsta aðalfundi.

4.3 Næsta stjórn Gígjunnar

Á næsta aðalfundi Gígjunnar ganga tvær stjórnarkonur úr aðalstjórn (Heiða og Sigrún), einnig eru konurnar í varastjórninni að hætta (María og Aðalheiður) þannig að það vantar þrjár konur í varastjórn. Þorgerður sem var einnig í varastjórninni er komin í aðalstjórn eftir að Þórdís Linda fór í barneignarleyfi. Ákveðið var að SÓ myndi skrifa bréf til aðildarkóranna og óska eftir konum til að starfa í stjórninni. SÓ mun ganga frá bréfinu og HG senda það út til allra í tölvupósti. Málið er í vinnslu.

4.4 Hafa fræðsluerindi í tengslum við aðalfundinn

Ákveðið var að hafa fræðsluerindi á aðalfundinum undir "Önnur mál". Ýmsar hugmyndir voru ræddar og ákveðið var að hafa yfirmarkmið erindisins: Að veita fræðslu um hlutverk stjórna í kórum í þeim tilgangi að efla starf kóranna í landinu. SÓ tók að sér að hafa samband við fyrirlesara. Málið er í vinnslu.

5. Hringja í alla aðildarkóra í september

Ákveðið var að hringja í alla aðildarkóranna í byrjun september og fara yfir eftirfarandi atriði:

- 1) Jólaalagið, ganga úr skugga um það hvort nóturnar hafi ekki borist kórnum í pósti (heimilisfangið sem er á vefsetrinu var notað), kanna hug formannsins til þess að taka þátt í þessu verkefni og gefa upplýsingar ef þess þarf.
- 2) Aðalfundur Gígjunnar, láta vita af því að það sé komin dagsetning fyrir næsta aðalfund (18. október), óska eftir því að kórinn sendi sína fulltrúa til fundarins. Kórinn getur sent eins marga fulltrúa og hann vill, aðeins 2 bera þó atkvæðisrétt kórsins sbr. lög Gígjunnar.
- 3) Næsta stjórn, athuga hvort kórinn er með fulltrúa í næstu stjórn Gígjunnar. Það vantar 2 konur í aðalstjórn og 3 konur í varastjórn.
- 4) Fréttir og ferðasögur frá sumrinu óskast, athuga hvort kórinn var með einhverja starfsemi í sumar (ferðalög, tónleika, útilegur, kaffihúsaferðir...) og óska eftir fréttatilkynningum. HG mun senda fundarmönnum lista yfir tengiliði kóranna.

6. Vefsetrið endursmíðað og flutt

HG gerði grein fyrir stöðu vefsetursins en nú standa yfir gagnaflutningar yfir í nýja kerfið hjá Greind. Tafir hafa orðið á þessari vinnu vegna sumarleyfa en stefnt er að því að vinnunni muni ljúka í september. HG mun fylgja málinu eftir. Málið er í vinnslu.

7. Óformleg könnun á félagsgjöldum og æfingum

Upplýsingar um það að niðurstöður úr óformlegu könnuninni á félagsgjöldum og fjölda æfinga hjá aðildarkórum Gígjunnar hafa verið sendar á póstlista Gígjunnar. Bréfið var sent 8. júlí. Tekið skal fram að um mjög óformlega könnun var að ræða og ekki er hægt að gera tölfræðilegan samanburð á niðurstöðunum þar sem forsendur eru mjög mismunandi í aðildakórum sambandsins.

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir formenn kóranna: Hvað greiðir hver kórkona í félagsgjald yfir árið (miðað við starfsárið 2007-2008)? Hvað eru margar kóræfingar á viku? Hve langan tíma stendur hver æfing? Niðurstöður úr þessari óformlegu könnun eru einungis sendar á netföng formanna skv. beiðni frá þeim sjálfum. Þeir formenn sem hafa áhuga á þessum gögnum geta sent póst til sambandsins og óskað eftir skjalinu. Nú þegar hafa 11 formenn óskað eftir þessum niðurstöðum.

8. Aðalfundur SAMNAM í Noregi í haust

Sambandinu hefur borist fundarboð um næsta aðalfund SAMNAM sem haldinn verður í Stavanger 31.10 - 2.11.2008. Gígjan mun ekki senda fulltrúa til fundarins að þessu sinni. Toni Sjöblom ritara SAMNAM hefur verið sendur tölvupóstur þess efnis.

9. Aðalfundur SFH

Gígjan sendir fulltrúa sína á síðasta aðalfund SFH, Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda. Fundurinn var haldinn 20. júní 2008 og sóttu HG og DS fundinn. Á fundinum voru hefðbundin aðalfundarstörf og fékk Gígjan skýrslu stjórnar og ársreikning SFH 2007 í hendurnar.

Ákveðið var að halda næsta stjórnarfund Gíggunnar, fimmtudaginn 11. september. Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12.45.

Ritari fundargerðar: Heiða Gunnarsdóttir